

Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 3. maí 2023

Fyrirlesari: Sigurður Þorvaldsson, læknir

Efni: „Thorvaldsen frá Kaupmannahöfn til Rómar og Reykjavíkur“

Mættir: 71, félagsmenn og nokkrir gestir

Formaður setti fund stundvíslega kl. 16, kynnti stuttlega það tvennt sem enn er framundan hjá félaginu fyrir sumarleyfi, þ.e. aðalfundur, en þá verður Pétur Gunnarsson, rithöfundur, fyrirlesari, og ferð á Kirkjubæjarklaustur 9.-11. júní. Gaf síðan Sigurði Þorvaldssyni orðið. Sigurður var reyndar spurður að því að loknum fyrirlestri hvenær og hvers vegna áhugi hans hefði vaknað á Thorvaldsen. Það var fyrir mörgum áratugum og gríðarleg þekking Sigurðar birtist í fyrirlestrinum svo og bókunum og afsteypunum sem hann lagði á borð fyrir okkur. Sigurður fylgdi okkur um frægðarferil Thorvaldsens í Róm. Þangað komst hann eftir að hafa unnið gullmedalíu dönsku listaakademíunnar og Rómarstyrkinn sem henni fylgdi. Heimsfrægð öðlaðist fyrir stytta af Jason og var þá álitinn jafnoki Canova, sem talinn var fremstur ítalskra myndhöggvara og hreifst hann mjög af verkum Thorvaldsens. Raunar var Thorvaldsen fleira til lista lagt, lék listavel á flautu og þannig lágu leiðir hans og Mendelsohns saman. Slík var frægð hans að kaþólska kirkjan fól honum að gera grafíkneski Piusar páfa VII og er það eina stytta í Péturskirkjunni eftir útlending. Thorvaldsen dvaldi 40 ár nær óslitið í Róm og var fagnað sem þjóðhetju við endurkomu til Danmerkur. En þetta voru tímar Napóleonsstyrjaldanna, Napóleon rændi listaverkum og pantaði fleiri, m.a. af Thorvaldsen og Nelson skaut á Kaupmannahöfn og skemmdi kirkju Vorrar Frúar. Var Thorvaldsen þá kallaður til Kaupmannahafnar um tíma. Í Róm eignaðist Thorvaldsen tvö börn með ítalskri stúlku, sem þá var þjónustustúlka. Sonurinn dó ungur en frá dótturinni eru allmargir afkomendur. Sigurður sagði nánar frá skírnarfontum Thorvaldsens, þeim sem loks komst í Dómkirkjuna eftir nokkurra ára geymslu í pakkhúsi og hinum sem hann gerði fyrir höfuðkirkju föðurlands móður sinnar Vor Frue Kirke. Í þeirri kirkju er líka Kristsstytta, sem Sigurður telur að myndi sóma sér vel í Hallgrímskirkju og voru nokkrir fundarmanna sammála því. Annars var þetta efni ekki fallið til fjörugra umræðna og formaður sleit fundi eftir nærri klukkustundar fróðlegan og fallegan fyrirlestur.

Helga M. Ögmundsdóttir